# Fréttapíp

FRÉTTARIT FÉLAGS PÍPULAGNINGAMEISTARA September 2025 Nr. 25


# 97. Aðalfundur Félags pípulagningameistara haldinn á Hótel Selfossi







**Aðalfundur Félags pípulagningameistara fyrir starfsárið 2024-2025 var haldinn í húsakynnum Hótels Selfoss laugardaginn 12. mars sl. Þessi Aðalfundur er sá 97. í röðinni. Það styttist því óðum í merk tímamót hjá Félagi pípulagningameistara, 100 ára afmælið. Vitanlega héldu menn sig við hefðina og brugðu undir sig betri fætinum og fóru út á landsbyggðina, núna á Selfoss.**

Að venju var góð mæting, margir mættu strax á föstudegi og settu upp veglega helgi með betri helmingnum. Að loknum Aðalfundinum var efnt til hátíðarkvöldverðar og síðan stiginn dans fram eftir nóttu.

Aðalfundurinn hófst stundvíslega kl. 15:00. Böðvar Ingi Guðbjartsson, formaður Félags pípulagningameistara steig í ræðustól og bauð félaga velkomna til Aðalfundar og gerði að tillögu sinni að Sigurður Ingvar Hannesson tæki að sér að annast fundarstjórn og var

*– Sjá framhald á bls. 3*

**MD Vélar bjóða mjög öflug benslutengi** – Bls. 15

**Nýjar höfuðstöðvar BYKO**

**Græn hugsun – betri innivist og vellíðan í fyrirrúmi** – Sjá grein bls. 18

**Vatnsvirkinn – Glæsilegur 70 ára afmælisfögnuður** – Bls. 8&9

**Quick & Easy lagnakerfið frá Tengi vekur verðskuldaða athygli** – Bls. 17











*Ezekiel Jakob og Gunnar Sigurjónsson, kennari í pípulögnum.*

# Ezekiel Jakob fulltrúi Íslands á Euroskills fór í Grohe æfingabúðir fyrir keppnina

**Í júní fórum við Ezekiel Jakob Hanssen, sem verður fulltrúi Íslands í Euroskills í Herning í september 2025, í þjálfunarbúðir hjá Grohe í Þýskalandi. Með okkur voru fulltrúar frá Danmörku, Luxembourg, Hollandi, Þýskalandi og Ungverjalandi. Þjálfunin stóð yfir í 3 daga og farið var yfir uppsetningu og þjónustu á ýmsum Grohe vörum. Grohe er styrktaraðili bæði EuroSkills og WorldSkills. Þetta var frábært tækifæri fyrir aðila til að kynnast búnaði sem verður notaður í keppninni og einnig að kynnast öðrum keppendum. Virkilega ánægjulegt.**

***Gunnar Sigurjónsson Framhaldsskólakennari - Pípulagnir***



Fréttapíp
FRÉTTARIT FÉLAGS PÍPULAGNINGAMEISTARA

**Fréttarit og kynningarblað Félags pípulagningameistara.** Blaðinu er dreift til félagsmanna FP. Fréttapípi er einnig dreift inn á helstu Verkfræði- og Arkitektastofur, Byggingafulltrúa og á Innkaupastofnanir bæjarfélaga, til Ríkiskaupa og fleiri aðila sem koma að mannvirkjagerð, viðhaldsverkefnum og breytingum.
Útg.: Samfélagsmiðlar Akka ehf. Ritstjóri: Guðjón Smári, sími 898 4337.



Sigurður Ingvi sá um allt sem laut að fundarstjórn.





***Skrafað og skeggrætt við stjórnarborðið.***

# 97. Aðalfundur Félags pípulagningameistara...

**– Framhald af forsíðu...**

það samþykkt samhljóða. Sigurður Ingvar kom síðan í ræðustól og tók við stjórn fundarins.

Fyrst á dagskrá var skýrsla stjórnar fyrir starfsárið 2024-2025. Böðvar Ingi Guðbjartsson, formaður FP, kom í ræðustól oig flutti skýrsluna og byrjaði á því að minna félagsmenn á kjörorð FP, sem er:

**SAMSTAÐA – HAGSMUNIR – SÝNILEIKI**, ***(sjá samantekt í skýrslu formanns hér síðar í greininni).***

Næstur kom í ræðustíol Kári Samúelsson, gjaldkeri FP. Kári fór yfir ársreikninga félagsins fyrir starfsárið 2024-2025 og svaraði fyrirspurnum. Kári fór einnig yfir reikninga Sstyrktarsjóðs og Sjúkrasjóðs og ræddi hugmyndir um breytingar á fyrirkomulagi sjóðanna.

Þá lagði Kári fram fjárhagsáætlun fyrir næsta starfsár, 2025-2026. Eftir umræður og svör við spurningum voru skýrslur og fjárhagsáætlun borin upp fyrir fundarmenn; var síðan samþykkt samhljóða.

Þá voru teknar til umfjöllunar lagabreytingar varðandi réttindamálin, (sjá grein í ramma hér að neðan).

Að loknu kaffihléi gengu menn til stjórnarkjörs fyrir starfsárið 2025-2026. Voru eftirtaldir einstaklingar kjörnir í stjórn sem hér segir:

**Formaður:** Böðvar Ingi Guðbjartsson.
**Varaformaður:** Árni Gunnar Ingþórsson.
**Ritari:** Ámundi Rögnvaldsson.
**Stjórnarmaður:** Þórður Gísli Guðfinnsson.
**Varamaður:** Elías Fannar Stefánsson.

Að stjórnarkjöri loknu kom Böðvar Ingi í ræðustól og þakkaði traustið.

Síðan hófust almennar umræður og skipaði umræðan um ENIC/NARIC þar stærstan sess, enda um að ræða gríðarlegt hagsmunamál allra fagmeistara og fagréttindi þeirra. Voru fundarmenn á einu máli um að leitað yrði lagalegs réttar í málinu og hefur stjórn FP nú þegar byrjað málarekstur af fullum krafti. Hinsvegar þá hafa nokkur félög gefið frá sér álit og mótmælt gjaldfellingu Enic/Naric á iðnnámi og sofandahætti stjórnvalda og skort á inngripi þeirra þar sem verið er að brjóta landslög með þessum leyfisveitingum. Þessir aðilar eru meðal annars: SI, FIT, Iðnmennt, Tækniskólinn og Skólanefnd Félags Framhaldsskólakennara.

Ýmis önnur mál bar á góma eins og venjulega og umræður fjörugar og málefnalegar. Kom meðal annars fram að góður gangur er á ritun 100 ára sögu félagsins, enda líður tíminn hratt.





Böðvar Ingi, formaður Félags pípulagningameistara, flutti skýrslu stjórnar fyrir starfsárið 2024-2025.

## Mikilvæg Breyting var gerð á 4. grein laga Félags pípulagningameistara

**Á síðasta aðalfundi Félags pípulagningameistara, þann 22. mars 2025, voru eftirfarandi tillögur og breytingar á lögum FP samþykkar:**

**Formála í lögum 4. gr.: (Breytingar á lögum FP)**

***4. gr.***

Inngöngu í félagið geta þeir einir fengið sem hafa meistararéttindi og löggildingu í pípulögnum samkvæmt íslenskum lögum, eða sambærileg réttindi sem viðurkennd hafa verið af íslenskum yfirvöldum.

Við mat á sambærilegum réttindum skal meðal annars líta til lengdar meistaraskóla og einingafjölda sem jafngilda þeim kröfum sem gerðar eru samkvæmt íslenskum lögum.

Inntökubeiðni skal senda til félagsstjórnar ásamt eftirfarandi upplýsingum. **– Samþykkt.**



Ámundi Rögnvaldsson, ritari Félags pípulagningameistara.

## Úr skýrslu formanns á 97. Aðalfundi FP

Ellefu einstaklingar gengu í félagið á þessu stjórnarári: Þórður Rafn Guðmundsson, Hlöðver Hlöðversson, Stefán Fannar Rúnarsson, Steinar Þór Baldursson, Benedikt Elvar Skarphéðinsson, Jakob Fannar Magnússon, Haukur Hlíðar Ásbjarnarson, Stefán Hinriksson, Birgir Júlíus Sigursteinsson, Már Hall og Elmar Björgvin Einarsson.

Þessir nýju félagsmenn eru boðnir hjartanlega velkomnir í Félag pípulagningameistara.

Þrír félagsmenn féllu frá á stjórnarárinu: Marinó Jóhannson, Sigurður Lárus Einarsson og Hilmar Fjeldsted Lúthersson.

**Stjórnarstörf á árinu**

Stjórnin hélt 9 stjórnarfundi á starfsárinu og töluvert fleiri óformlega fundi, vinnufundi og mikið samtal inni á milli í messenger.

Nokkrir fundir voru með SI til að ganga formlega frá úrsögn FP úr SI & SA ásamt fundi með MSI.

**Félagatalið**

Byko hefur tekið að sér að gefa út félagatalið og hefur gefið út tvö félagatöl af þremur. – ***Sjá framhald á bls. 4***










# 97. Aðalfundur Félags pípulagningameistara...

*Framhald af bls. 3*

Síðan munu Vatn og veitur taka við þegar Byko hefur gefið Félagatalið út þrisvar sinnum.
Tengi er með fyrir FP rafræna upplýsingasíðu tengda við okkar heimasíðu sem er inni á síðunni okkar piparinn.is undir Fræðsla – Handbók pípulagnameistarans. Einnig má finna undir Fræðsla síðuna vatnsiðnaður.net þar sem er að finna mikinn fróðleik um pípulagnir ásamt fjölda af öðru fræðsluefni.

### Gæða- og Úrskurðarnefnd

Nokkur mál hafa ratað inn á borð Gæða- og úrskurðarnefndar. Björn Ágúst Björnsson félagsmaður hefur tekið að sér að gera skýrslur sem viðkomandi aðilar hafa greitt fyrir. Hin málin var hægt að leysa í tölvupósti með því að varða leiðina fyrir neytendur.

### Blaðaútgáfa

Félag Pípulagningameistara gaf út þrjú blöð á stjórnarárinu, Fréttapíp. Þessum blöðum var síðan dreift á yfir tvöhundruð staði, til allra byggingarfulltrúa landsins, valdar verkfræðistofur, arkitektastofur, SI og fleiri staði. Stjórn FP þakkar Guðjóni Smára fyrir að bera þungan af útgáfu Fréttapíp. Öll tölublöðin, sem eru núna orðin 24 talsins, eru aðgengileg inn á vefnum okkar piparinn.is.

### Íslandsmót Iðn- og verkgreina

FP tók þátt í Íslandsmóti Iðn- og verkgreina sem var haldið 13.–15. mars síðastliðinn í Laugardalshöll og stóð fyrir Íslandsmeistarakeppni í pípulögnum. Þar bar sigur úr býtum Þorgeir Sær Gíslason sem keppti fyrir hönd Tækniskólans þar sem Borgarholtsskóli tók einnig þátt. Þorgeir Sær Gíslason er þar með Íslandsmeistari í pípulögnum 2025 og meistari Þorgeirs er Kári Samúelsson. Íslandsmeistarinn verður síðan fulltrúi okkar á EuroSkills eftir tvö ár sem haldið verður í Þýskalandi. Íslandsmeistari frá 2023, Ezekiel Jakob Hansen, kemur til með að keppa á EuroSkills næsta haust sem haldið verður í Danmörku í september 2025 stað sem heitir Herning. Meistari Ezekiels er Rúnar Helgason. Hugmyndir eru um að bjóða ríkjandi Íslandsmeistara, Þorgeiri, til Danmerkur til að leyfa honum að kynna sér keppnina til að undirbúa hann vel undir EuroSkills eftir 2 ár. Ezekiel fór einmitt til Lyon í Frakklandi í september á síðasta ári með Gunnari Ásgeiri Sigurjónssyni þar sem Gunnar var gestadómari á WorldSkills.
Miðað við umfangið sem snýr að Íslandsmóti Iðn- og verkgreina og EuroSkills verður lögð fram tillaga að stofna nefnd innan FP sem kemur til með að halda utan um þessa viðburði. Í nefndinni situr fulltrúi stjórnar ásamt áhugasömum félagsmönnum um þessar keppnir. Nefndin verður: Íslandsmót og EuroSkills.

### Kjarasamningar

Kjarasamningur var undirritaður í mars á síðasta ári milli Samiðnar og Samtaka atvinnulífsins sem að fól í sér breytingar og viðbætur á m.a. kjarasamningi Samiðnar við Félag pípulagningameistara.
Gildandi samningur er í gildi til 31. janúar 2028.
Gagnvart félagsmönnum FP gilda allir almennir skilmálar samningsins og taka því laun hlutfallshækkun, með krónutöluhækkun að lágmarki:

1. febrúar 2024: 3,25% eða 23.750 kr.
1. janúar 2025: 3,50% eða 23.750 kr.
1. janúar 2026: 3,50% eða 23.750 kr.
1. janúar 2027: 3,50% eða 23.750 kr.

Með mánaðarlaunum er átt við föst mánaðarlaun fyrir dagvinnu. Þó koma eftirfarandi þættir fram í samningnum sem varða sérstaklega FP en það eru þá fyrst og fremst kauptaxtar á samningstímabilinu og ákvæði um orlofsauka. Kjarasamningur hefur ekki verið uppfærður milli kjarasamninga og því er ekki til samstæður samningur þar sem öll gild ákvæði eru sett saman í eitt skjal. SA ætluðu alltaf að uppfæra kjarasamninginn og setja í eitt samfellt skjal en ekkert varð úr þeirri vinnu hjá þeim.
Vekja má athygli á að nemar hækka í launum samhliða frammistöðu Ferilbókar og einnig vekja athygli ykkar á grein frá formanni sveinsprófsnefndar í Fréttapíp þar sem meistarar eru hvattir til þess að gæta þess að senda ekki iðnnemana í sveinspróf of snemma. Látið þá vinna sem nemur 96 vikum eins og ætlast er til í vinnustaðanáminu. Fall í sveinsprófi hefur stóraukist með aðkomu Ferilbókar.

### Húsnæðismál

Erum í Stórhöfða 29, 110 Reykjavík. Til stendur að hafa skrifstofuna opna einu sinni í viku og verður það fyrirkomulag tilkynnt fljótlega.
Spurning hvort við leitum eftir húsnæði til að kaupa eins og við létum greina fyrir okkur fyrir nokkrum árum þar sem kom berlega í ljós að hagstæðara væri fyrir okkur að eiga sjálfir húsnæði.

### Heimasíðan

Mikil umferð er um heimasíðuna hjá okkur, piparinn.is. Heimasíðan er reglulega auglýst og þar eru að finna fullt af nytsamlegum upplýsingum. SI mun ekki lengur sjá um síðuna og um áramótin var öllum félagsmönnum hent út af síðunni þar sem við vorum tengdir við kerfið hjá SI. Sá sem mun sjá um heimasíðu FP er Birgir Júlíus Sigursteinsson (Júlli), félagsmaður FP, og kemur hann til með að setja inn fréttir, halda utan um félagatalið o.fl. Júlli verður okkar vefsíðustjóri. Um þessar mundir er Júlli að vinna í flottu formati fyrir birtingu félagsmanna.







### Lögfræðimál
Þegar við gengum inn í SI 2022 til reynslu í tvö ár þá létum við það í hendurnar á SI að sjá um kærumálin fyrir okkur.
SI hefur sent nokkrum fyrirtækjum áminningarbréf, fyrir okkar hönd, þar sem grunur var um starfssemi án meistara í forsvari. Um er að ræða fyrirtæki sem rekið er í atvinnuskyni við pípulagnir, sem er lögvernduð iðngrein. Forsvarsmanni fyrirtækisins er gefinn kostur á að svara innan 14 daga. Að þeim dögum liðnum er líklegt að viðkomandi verður kærður til lögreglu.
Eigendur flestra fyrirtækja höfðu samband og tilkynntu að þeir væru að klára meistaraskólann. Í þeim tilfellum verður ekki kært til lögreglu þar sem tilgangurinn helgar meðalið. Nokkrir sem fengu bréf frá félaginu hafa gengið inn í FP eftir að þeir kláruðu meistaraskólann. Til stendur að breyta lögum um handiðnað varðandi að kæra til lögreglu. Í staðinn fyrir að kæra til lögreglu geta fagfélög tilkynnt til viðkomandi ráðuneytis sem er með viðkomandi málaflokk. Ráðuneytið sendir bréf til fyrirtækis þar sem grunur er um lögbrot. Ef í ljós kemur að viðkomandi fyrirtæki sé að brjóta lög verður beytt dagsektum.
Að mati stjórnar FP gekk þetta ferli hægt hjá SI enda hefur SI gefið það út að þau hafa enga trú á þessu verkefni enda þarf framkvæmdastjóri SI að vera skrifaður fyrir kærunni og það eitt og sér gerir þetta nánast ómögulegt að SI muni kæra. Um áramótin síðustu gengum við formlega út úr SI og komum til með að fara sjálfir í kærumálin þar sem þetta varðar okkar hagsmuni sem eiga samleið með hagsmunum neytenda.
Stærsta hagsmunamál sem við í FP erum að berjast í um þessar mundir er aðkoma skrifstofunnar ENIC/NARIC sem metur menntun okkar iðnaðarmanna á pari við menntakerfið í Austur-Evrópu. Félagsmenn hafa verið vel upplýstir um málið og undir lið nr. 7 ENIC/NARIC í dagskrá aðalfundar verður farið nánar út í það mál og hef ég þar fréttir fram að færa.

### Menningar og skemmtinefnd
Það er töluverður tími sem fer í að skipuleggja jólaskemmtun og árshátíð ásamt afþreyingu fyrir maka og vil ég því þakka menningar og skemmtinefnd fyrir þeirra framlag og ég tek fram að ég hlakka mikið til kvöldsins.

### Sögu- og minjanefnd
Þorgeir og Hilmar hafa verið að hitta og heyra í heldri mönnum FP til að ná í sögur liðinna tíma sem eiga erindi í bókina okkar, Saga FP í 100 ár, sem stefnt er á að gefa út árið 2028 þegar FP verður 100 ára. Sagnfræðingurinn Sigurgeir Guðjónsson sér um að rita bókina. Við komum til með að heyra nánar frá Sögu- og minjanefnd undir önnur mál hér á eftir.

### GCP Europe
3.-5. júní 2024 fóru ég og Friðrik Ágúst Ólafsson fyrrv. viðskiptastj. FP hjá SI

*– Sjá framhald greinar á bls. 6*









# 97. Aðalfundur Félags pípulagningameistara...

**– Framhald af bls. 5**
á ráðstefnu í London með GCP Europe þar sem fagfélög í pípulögnum innan Evrópu koma saman til að ræða mál sem snúa að faginu og fyrirhuguðum reglum sem koma frá ESB. Hægt er að lesa um þá ferð í Fréttapíp nr. 23 sem kom út í nóvember 2024. Undir lið nr. 8 Erlent samstarf, GCP Europe komum við til með að ræða og kjósa um hvort FP eigi að vera í erlendu samstarfi, GCP eða vera með Iðnaðarmannafelögum í Noregi, Færeyjum, Svíþjóð, Danmörku og Finnlandi.

**Píparasveit Almannavarna – Félag pípulagningameistara**
Á síðasta aðalfundi var kosið um að stofna nefnd innan FP Píparasveit Almannavarna og í henni sitja formaður FP, Arinbjörn Snorrason og Guðlaugur Freyr Jónsson. Hugmyndin er að vera með tilbúið verkleg ef kalla þyrfti út tugi pípara eins og raungerðist við jarðhræringarnar á Reykjanesinu þar sem FP kom að björgun verðmæta í Grindavík og síðar á Reykjanesinu. Arinbjörn og Guðlaugur eru starfandi lögreglumenn og verða því okkar lykilmenn ef þörf verður á aðkomu FP við næstu náttúruvá ef þörf verður á pípurum við björgun verðmæta.




**Að lokum nokkur mál frá fundargerðum stjórnar**
Fánaborg Iðnaðarmannafélagið í R.vík. 8. feb. sveinar með framúrskarndi einkunn heiðraðir. Afhending sveinsbréfa. Innheimt félagsgjöld – nýr gjaldkeri.
SI hefur stofnað Pípudeild SI. Hittist tvisvar á ári og er fyrir pípulagnigameistara án fagfélags innan SI. Í stjórn FP eru tveir sem eru í stjórn Pípudeildar SI, þeir Árni og Rúnar. Magnús, félagsmaður FP, er einnig í stjórn Pípudeildar SI.
Kæra starfssemi leyfislausra – sett á fullt þegar niðurstaða kemur varðandi kæru E/N.
Sendur var spurningalisti til félagsmanna FP, 8 spurningar, sem koma til með að gefa stjórn innsýn inn í vilja félagsmanna varðandi hin ýmsu mál.
Rætt er um að fara í átak til að fjölga félagsmönnum í félaginu, til dæmis með að bjóða fyrsta árið frítt eða á hálfugjaldi. Félagsmenn eru einnig hvattir til að bjóða þeim sem eru pípulagningameistarar og eru ekki innan FP að koma inn í FP, sitt hagsmunafélag.
Fékk það staðfest hjá E/N að þau ætla að bíða með frekari umsóknir þar til ráðuneytið úrskurðar varðandi kæruna:
„Við bíðum auðvitað með afgreiðslu umsókna um meistarabréf þar til ráðuneytið hefur afgreitt kæruna frá ykkur. Við viljum að sjálfsögðu vera viss um að afgreiðslan sé samkvæmt lögum.”
Til að upplýsa ykkur félagsmenn þá hefur farið töluverður mikill tími í E/N og spannar sá tími frá síðasta hausti fram til dagsins í dag og er málinu ekki ennþá lokið.
Í næstu viku fer ég á fund með lögfræðingi FIT varðandi útgáfu sveinsbréfa frá Austur-Evrópu til jafns við sveinsbréf Íslendinga ásamt þátttöku í eftirliti á byggingarstöðum til að kanna réttindi þeirra sem starfa í okkar iðn.

Aðsókn í FP hefur verið góð undanfarin ár að mínu mati eða um 60 nýir félagsmenn frá 2020. Það eiga allir pípulagningameistarar að vera í FP, félagi sem berst fyrir hagsmunum pípulagningameistara. Og munum alltaf kjörorð félagsins okkar:

**Samstaða – Hagsmunir – Sýnileiki**

Að lokum vil ég nota þetta tækifæri og þakka öllum stjórnar- og nefndarmönnum frábært samstarf.
Ágætu félagsmenn, félag okkar er traust og gott félag. Góður og öflugur málsvari fyrir sína félagsmenn. Við sem í ykkar umboði stöndum vörð um félagið munum gera okkar besta til að félagið megi lifa og dafna um ókomna framtíð.

**Böðvar Ingi Guðbjartsson**
***formaður Félags pípulagningameistara***








# Flott tilþrif keppenda á Íslandsmóti í pípulögnum 2025

**Hér má sjá vaska unga nema í pípulögnum niðursokkna og einbeitta við lausn verkefnisins sem úthlutað var til keppenda í pípulögnum. Niðurstaðan; einn af fjórum stendur uppi sem sigurvegari og hlýtur nafnbótina: Íslandsmeistari í pípulagningum 2025.**
**Að venju fór keppnin fram sem hluti af Íslandsmóti verk- og iðngreina og fór fram í Lagardalshöll 13.-15. mars sl. Efst eru keppendurnir glæsilegu, t.f.v.: Tryggvi Hrafn Reimarsson, Þorgeir Snær Gíslason, sem sigraði í keppninni, Viktor Ívan Vignisson og Gabríel Steingrímsson.**
**Eins og ávallt voru Meistarar í Félagi pípulagningameistara áhugasamir um framgang og framkvæmd keppninnar og voru margir þeirra alltaf til staðar og sinntu gestum og gangandi, m.a. með skemmtilegum leik sem fólst í samsetningu plaströra.**








# Vatnsvirkinn – Glæsilegur 70 ára afmælis-fögnuður
















**Vatnsvirkinn fagnaði nýverið 70 ára afmæli fyrirtækisins með stórglæsilegri sýningu fyrir fagfólk. Afmælisfagnaðurinn tókst með miklum ágætum og mörghundruð manns mættu til að samgleðjast af þessu tilefni. Í tilefni afmælisins komu fulltrúar mikils fjölda erlendra birgja Vatnsvirkjans hingað til landsins til að kynna sig og sýnar vörur, ásamt því að kynna ýmsar nýjungar framkomnar á markaðinum. Má hiklaust halda því fram að hér var á ferðinni einhver stærsta sérhæfða lagnasýning sem boðið hefur verið upp á hér á landi. Með öllum þessum herlegheitum var svo vitanlega boðið upp á afar fjölbreytt og ljúffeng veisluföng í mat og drykk sem voru gerð góð skil af ánægðum veislugestum. Skemmtiatriði voru ekki af lakara taginu; Ari Eldjárn, sá hárbeitti spéfugl mætti á svæðið og kitlaði hláturtaugarnar hressilega. Má sannarlega segja að hann er alltaf að verða betri og betri með aldrinum. Það var svo Stuðlabandið eldhressa sem sá slgerlega um halda uppi fjörinu langt fram eftir kvöldi og ljúka þar með velheppnuðum og eftirminnilegum afmælisfögnuði. Til hamingju Vatnsvirkjamenn.**







PURUS


multitubo
For what truly matters
TRUST IN EVERY
CONNECTION


HORNER


Profit
BY PIPING LOGISTICS




PENTAIR
JUNG PUMPEN
set
www.set.is
TRAUSTAR BRUNNDÆLUR
FYRIR HEIMILI OG IÐNAÐ
MADE IN
GERMANY
PREMIUM
QUALITY
U3KS
MultiFree
MultiDrain
Set | Rör | Dælur | Tengistykki
Við tökum vel á móti þér að Klettagörðum 21
Sími: 480 2700 | Netfang: sala@set.is

# ÖRUGG FAGMENNSKA OG MEISTARALÖGGILDING Í PÍPU

**Lagnaþjónusta Suðurnesja ehf.**
Pípulagningaverktaki
Hólmbergsbraut 17 – 230 Reykjanesbær
GSM 896 6691 – runar@lagna.is

**V.S.pípulagnir ehf.**
Fannafold 168
112 Reykjavík
GSM 821 1045
vignir76@gmail.com
V.S. Pípulagnir

**META**
Meta ehf.
Grímseyri 6 – 750 Fáskrúðsfirði
GSM 895 2709 – oli@metaehf.is

**Vatn og pípur ehf.**
Sigurður Úlfar Sigurðsson
pípulagningameistari
Torfufelli 27 - 111 Reykjavík
GSM 788 0044 – vatnogpipur@gmail.com

**Bubbi Pípari ehf.**
Lyngbergi 23 – 221 Hafnarfirði
GSM 897 7946
bubbipipari@simnet.is

**Pípulagna**
VERKTAKAR ehf
Miðhraun 18 – 210 Gaðabæ
pv.is – pv@pv.is

**Lagnabræður ehf.**
Blikaási 5 – 221 Hafnarfirði
GSM 663 7200
einar@lagnabraedur.is
Lagnabræður ehf

Bæjarflöt 19D - 112 Reykjavík
GSM 897 4746 & GSM 896 2908
landslagnir@landslagnir.is
**Landslagnir**
pípulagnir

**H2O LAGNIR**
Laxatungu 187 - 270 Mosfellsbæ
GSM 662 3235 - h2olagnir@h2olagnir.is

**króm og hvítt**
Króm og Hvítt ehf. - Álaleyru 7 - 780 Höfn
Sími 478 2099 - GSM. 861 0291
kromoghvitt@simnet.is

**GG LAGNIR ehf**
PÍPULAGNINGAÞJÓNUSTA
Fosshálsi 27-29 - 110 Reykjavík - Sími 517 8870
www.gglagnir.is - gglagnir@gglagnir.is

**MS LAGNIR**
Stakkhömrum 17 – 112 Reykjavík
GSM 867 5359 - mslagnir@mslagnir.is

Jóhannes Gylfi Ólafsson
8616688
johannesgylfi@icloud.com

**Viking Lagnir**
Kvíslartunga 29 - 270 Mosfellsbæ
GSM 618 4131
vikinglagnir@gmail.com

**Viðhaldslagnir ehf.**
Svavar Örn Halldórsson
PÍPULAGNINGAMEISTARI
GSM 698 2247
vidhaldslagnir@gmail@com

**AH pípulagnir ehf.**
- Suðurhrauni 12c
- 210 Garðabæ
- Sími 555 7012
- GSM. 822 7100
andres@pipulagnir.is
AH PÍPULAGNIR

**lagnaafl**
Hjörleifur Björnsson, löggiltur pípulagningameistari
Almannakór 6 – 203 Kópavogi
GSM 856 5525 – hjolli@lagnaafl.is

**S.O.S lagnir ehf.**
Bíldshöfða 18
110 Reykjavík
sos@soslagnir.is
GSM 693 9000

**B.Markan ehf. Pípulagnir**
660 6690
Kvíslartungu 42 - 270 Mosfellsbæ - lagnir@bmarkan.is

**STOFNLAGNIR**
PÍPULAGNAÞJÓNUSTA
Stofnlagnir ehf.
Vefarastræti 42 - 270 Mosfellsbæ
GSM 660 0499 - wc@islandia.is

**MIÐSTÖÐIN**
Miðstöðin Vestmannaeyjum ehf.
Strandvegi 30 - 900 Vestmannaeyjar
Sími 481 1475
midstodin@midstodin.is

**PÍPULAGNIR SAMÚELS & KÁRA EHF**

**Pípulagnir Elvars G Kristinssonar ehf.**
Jöklafold 2 - 112 Reykjavík
GSM 892 9421 - ellipip@simnet.is

**Tröllalagnir ehf.**
Jón Auðunn Sigurjónsson
pípulagningameistari
Auðnukór 3 – 203 Kópavogur
GSM: 896 9418 - jon.sig@mi.is

**HÚSA LAGNIR**
PÍPULAGNINGAÞJÓNUSTA
Húsalagnir ehf.
Pípulagningaþjónusta
Gylfaflöt 20 -
112 Reykjavík
GSM 893 3632
husalagnir@simnet.is

**HS pípulagnir ehf.**
Smiðjuvegur 4
200 Kópavogi
GSM 894 0088
hspip@simnet.is

**PÍPULAGNIR**
Fagmennska – Færni - Frumkvæði
srr@iav.is - GSM: 660 6201

AÐALLAGNIR
pípulagningaþjónusta
AÐALLAGNIR ehf. -
Smiðjuvegi 58 - 200 Kópavogi
adallagnir@ adallagnir.is
Sími 519 5757

JBÓ
Pípulagnir
Bolafæti 9 – 260 Reykjanesbæ
GSM 852 6060 – jonbragi@jbo.is

vatnsidnadur.net
– Gagnagrunnur
– Þekking
– Saga
vatnsidnadur@vatnsidnadur.net

Lagnaleikni
Ránargata 30 - 600 Akureyri
GSM 888 3969
amundi@lagnaleikni.is

PÍPULAGNIR SUÐURLANDS
Háheiði 10 - 800 Selfossi - psud@psud.is
GSM 699 1985 & 823 6656

Bládropi
Njarðvíkurbraut 12 - 260 Reykjanesbæ
bladropinn@gmail@com
GSM 846 4627

Pípulagnir ehf.
Klaki Pípari -
Pípulagningaþjónusta
Askalind 6
201 Kópavogi
GSM 793 5900
klakipipari@klakipipari.is
KLAKI PÍPARI

GG Lagnir
Grundagötu 56 - 350 Grundarfirði
GSM 894 2774 - gxg@simnet.is

ÁRÓS
PÍPULAGNIR

AGS Pípulagnir
PÍPULAGNINGAMEISTARI
Sölkugötu 2 - 270 Mosfellsbæ
GSM 834 8080
ags.pipulagnir@gmail.com

JBH
PÍPULAGNIR
Drekavellir 30 - 221 Hafnarfirði
GSM: 696 9675 - jbhpipulagnir@gmail.com

Villi pípari ehf
GSM: 824 0434
Örvasölum 24 - 201 Kópavogi - villi@villipipari.is

E.
VILJAR
PÍPULAGNIR OG GAS
Allar almennar gas- og pípulagnir
Einstaklingar - Húsfélög - Fyrirtæki
616 9611 eviljar@eviljar.is www.eviljar.is

JOHNNY PÍPARI
Mávanesi 13 - 210 Garðabæ
GSM 896 2874 - johnny210gbr@hotmail.com

MegaPíp
Megastál
Pípulagnir - Gaslagnir - Járnsmíði
MegaPíp ehf.
Turnahvarfi 4 - 203 Kópavogi
GSM 694 3307 - megagas@simnet.is

RENNSLI ehf.
pípulagnir • sími 696 8054
Akralind 1 - 201 Kópavogur
GSM: 696 8054 - rennsli@rennsli.is

Flugumýri 30 – Mosfellsbæ
GSM: 771 7100
sigurdur@kraftlagnir.is
KRAFTLAGNIR ehf.
pípulagningaverktakar

Múltíverk ehf.
Lagarbraut 4
700 Egilsstöðum
GSM 845 5868
multiverk@multiverk.is

Lagnir og Lausnir ehf
Ykkar óskir okkar lausnir
Miðengi 8 – 800 Selfossi
GSM 660 1580 & 660 1581
lagniroglausnir@gmail.com

PÍPULAGNIR
Fosslagnir ehf.
„Getum við aðstoðað“
Sæbólsbraut 31 - 200 Kópavogi
GSM 894 1576 – fosslagnir@hotmail.com

GÓ
PÍPULAGNIR
GÓ pípulagnir ehf.
Breiðagerði 8
108 Reykjavík
GSM 695 0170
ottar@piparar.is

GSÓ
PÍPULAGNIR
Dalaland 6 - 108 Reykjavík
GSM 763 2227 - gso@gso.is - gso.is

S.Á.LAGNIR ehf
Súluhöfða 41 - 270 Mosfellsbæ
GSM 892 3287
salagnirehf@gmail.com

SB Pípulagnir ehf
pípulagnaþjónusta
skipaþjónusta
Ósabakki 13 - 109 Reykjavík - GSM 898 1870
Netfang stefanbr@simnet.is

Mjög lagnir ehf.
Kópavogsbraut 62
200 Kópavogi
GSM 661 3338
& 853 0273
mjoglagnir@gmail.com
MJÖG LAGNIR

RÖRTÖNGIN
Löggiltur pípulagningameistari
Akraseli 3
109 Reykjavík
rortongin@gmail.com
GSM 846 1184

ÁHUGAVERÐ NÁMSKEIÐ
IÐAN fræðslusetur

# Hringrásardælur

**Þetta námskeið er ætlað pípulagningamönnum, hönnuðum og öðrum sem annast húsumsjón og vilja fræðast um virkni hringrásar-, húskerfa- og þrýstiaukadæla.**

**Fyrir hverja:** Þetta námskeið er ætlað pípulagningamönnum, hönnuðum og öðrum sem annast húsumsjón.

**Markmið:** Tilgangur þess er að fræða þátttakendur um virkni hringrásar-, húskerfa- og þrýstiaukadæla.

**Á námskeiðinu verður fjallað um:**
Helstu atriði sem lúta að útreikningum á flæði og lyftigetu hringrásardæla.
Gerð og virkni algengustu hringrásardæla.
Uppsetningu og stillingu á stjórnkerfum dælanna.
Tengingar við hússtjórnarkerfi.
Þrýstiaukadælur fyrir t.d. hærri byggingar.

**Að loknu námskeiði á nemandi að:**
Kunna skil á flæði og lyftigetu algengustu hringrásardæla.
Vita hvernig stjórnkerfi eru sett upp og stillt og tengd við hússtjórnarkerfi.
Þekkja virkni þrýstiaukadæla.

**Staðsetning:** Iðan fræðslusetur, Vatnagarðar 20, 104 Reykjavík.

**Fyrirkomulag kennslu:** Staðnám. 15. október 2025 kl: 09:00 - 12:00

**Tengiliður:** Guðrún Hjaltalín Guðjónsdóttir gudrun@idan.is.

**Kennari:** Björn Ágúst Björnsson, Pípulagningamaður og ráðgjafi.



# BYKO og REHAU buðu til morgunverðar

**Það var troðfullur salur af morgunhressum pípupurum þegar BYKO Lagnadeild bauð fagmeisturum í pípulögnum til morgunverðarfundar með REHAU.**
**Fundurinn fór fram í húsakynnum GKG í Garðabæ. Boðið var upp á kaffi og kruðerý, sætt og ósætt og voru veitingunum gerð góð skil. Sérfræðingur frá REHAUY kom á staðinn og sýndi áhugasömum pípulagningameisturum það nýjasta í lagnalausnum frá REHAU.**















# Hagi Hilti – Öryggi fyrir alla

**Öryggisskór í byggingariðnaðinum:**
Í hættulegu byggingarumhverfi, þar sem verkamenn standa frammi fyrir hættu á slysum eins og naglastungum, hálku af ýmsum ástæðum og verða fyrir þungum hlutum, eru öryggisskór ómissandi hluti af vinnufatnaði. Þeir eru hannaðir til að vernda fætur gegn ýmsum áhættuþáttum og tryggja að starfsfólk geti unnið öruggan vinnudag.

**Hvers vegna eru öryggisskór mikilvægir:**
Fótameiðsli eru algeng í byggingariðnaði. Samkvæmt vinnueftirlitinu verða margir fyrir slysum af völdum vanrækslu í vali á skófatnaði. Slysin eru af ýmsum toga, sem dæmi má nefna: Stungur úr nöglum, skurðarplötum og ýmsum öðrum hvössum hlutu. Hálku og fallslys á ísilögðum flötum, olíu- eða öðrum hálum yfirborðsefnum. Þungum hlutum sem detta á fætur t.d. steinum, járni eða timbri.
Öryggisskór eru ekki bara af kröfum vinnuveitanda. Þeir eru lífsnauðsyn fyrir alla sem vinna við byggingariðnaðinn. Með því að velja rétta vinnuskó er hægt að forðast alvarleg meiðsli og aukið vinnuöryggi við krefjandi aðstæður.
**Góðir skór bera þig góða leið – öryggisskór bera þig heim.**

**Öryggi fyrir alla – Fallvarnarbúnaður í byggingariðnaðinum**:
Í hröðum byggingariðnaði, þar sem verkamenn standa frammi fyrir áhættu á hverjum degi, er fallvarnarbúnaður ekki aðeins skylda heldur lífsnauðsyn. Með auknum kröfum í öryggisreglum og þróun á tækni hefur fallvarnarbúnaður orðið enn öflugri í að vernda líf og draga úr slysahættu starfsmanna á byggingarsvæðum.

**Hvers vegna er fallvarnarbúnaður mikilvægur:** Fall eru ein algengasta orsök alvarlegra slysa og dauðsfalla í byggingariðnaði. Samkvæmt vinnueftirlitinu eru fall meðal stærstu áhættuþátta á vinnusvæðum. Fallvarnarbúnaður, svo sem fallvarnarbelti, líflínur, blokkir, geta brugðist hratt við falli og dregið úr höggi við fallið, sem dregur verulega úr líkum á alvarlegum meiðslum.

**Aðal tegundir fallvarnarbúnaðar**: Fallvarnarbelti (harness) – Belti sem tengist öruggum festipunkti.
Líflína (fall arresters) – Stöðva fallið og dregur úr kraftinum með höggdempara. Þrátt fyrir miklar framfarir eru sum fyrirtæki enn ekki að innleiða öryggismeðvitund hjá sínum starfsmönnum. oft vegna kostnaðar eða vanrækslu. Mikilvægt er að þjálfa starfsfólk í notkun fallvarnarbúnaðar og tryggja að hann sé alltaf í góðu standi og reglum fylgt. Fallvarnarbúnaður er ekki valkostur – heldur nauðsyn. Með réttri notkun og nýjustu tækni má draga verulega úr slyssum og bjarga mannslífum. **Öryggi fyrst, alltaf.**








ÁHUGAVERÐ NÁMSKEIÐ

IÐAN fræðslusetur

# Raki & mygla

## í húsum fyrsti hluti

**Fyrir hverja:** Þetta námskeið er fyrir byggingarmenn sem þurfa að fást við raka og myglu í húsum.
**Markmið:** Markmið þess er að þátttakendur afli sér þekkingar á þessu sviði til að fást við vandamál sem stafa af völdum raka og myglu.
**Á námskeiðinu verður fjallað um:** Raka í húsnæði og myglusveppi sem iðulega fylgja viðvarandi raka í byggingarefnum.
Helstu galla á byggingarfræðilegum lausnum.
Helstu mistök við byggingu húsa sem orsaka leka- og rakavandamál í húsum.og hvernig megi koma í veg fyrir þau.
Loftun og útreikninga á rakastreymi gegnum byggingarhluta.
Byggingarraka og greiningu rakaskemmda.
Lífsskilyrði myglusveppa, hvar þeir þrífast, hvernig má finna þá og uppræta.

**Að loknu námskeiði á nemandi að:** Þekkja helstu orsakir leka í húsum og hvað veldur þeim.
Þekkja afleiðingar raka í húsnæði í formi myglusveppa.
Geta greint helstu gerðir myglu í húsum.
Þekkja loftun byggingarhluta.

**Annað:** Þetta námskeið er þar fyrsta af þremur um raka og myglu í húsum.
**Staðsetning:** Rafmennt, Stórhöfði 27, 1. hæð, Stórhöfði 27, 110 Reykjavík
**Fyrirkomulag kenns**lu: Staðnám með möguleika á fjarnámi
15. október 2025 kl: 13:00 - 19:00.

**Námsmat:** Mæting og verkefnavinna.
**Tengiliður:** Guðrún Hjaltalín Guðjónsdóttir - gudrun@idan.is.
**Kennarar:** Sylgja Dögg Sigurjónsdóttir, Líffræðingar og
Kristinn Alexandersson, Byggingatæknifræðingur.

# Vatnsúðakerfi – sprinkler

**Fyrir hverja:** Þetta námskeið er ætlað pípulagningamönnum með full réttindi sem ætla sér að annast þjónustu og eftirlit með vatnsúðakerfum.
**Markmið:** Tilgangur námskeiðsins er að fræða þátttakendur um gerð og virkni vatnsúðakerfa og hlutverk og ábyrgði þjónustu og eftirlitsaðila.
**Á námskeiðinu er fjallað um:** Hönnun vatnsúðakerfa.
Staðla, lög og reglugerðir sem eru í gildi.
Lagnaefni sem notað er í vatnsúðakerfi.
Virkni vatnsúðakerfa og hún sýnd í sprinkler kennslukerfi IÐUNNAR sem er uppsett í Vatnagörðum.

**Að loknu námskeiði á nemandi að:** Þekkja grundvallaratriði varðandi hönnun vatnsúðakerfa.
Kunna skil á helstu ákvæðum laga og reglugerða um vatnsúðakerfi.
Þekkja gerð og notkun lagnaefnis.
Vita hvernig vatnsúðakerfi virka.
Geta prófað virkni vatnsúðakerfa.

**Annað:** Námskeiðinu lýkur með prófi. Námskeiðið er haldið í samvinnu við Húsnæðis- og mannvirkjastofnun sem gefur út leyfi til þeirra sem ljúka prófi með fullnægjandi árangri. Öllum er frjáls þátttaka á námskeiðnu en einungis löggiltir pípulagningameistarar öðlast réttindi til að hafa eftirlit með kerfunum.
**Staðsetning:** Iðan fræðslusetur, Vatnagarðar 20, 104 Reykjavík.
**Fyrirkomulag kennslu:** Staðnám.
24. október 2025 kl: 13:00 - 19:00.
25. október 2025 kl: 09:00 - 16:00.

**Námsmat:** Próf.
**Tengiliður:** Guðrún Hjaltalín Guðjónsdóttir - gudrun@idan.is.
**Kennarar:** Guðmundur Gunnarsson, byggingaverkfræðingur og
Egill Ásgrímsson, Pípulagningameistari.





Umhverfisvænn
frostlögur
fyrir hita og kælikerfi
• Vörn gegn frosti og tæringu
• Hentugt fyrir alla málma
• Eykur endingartíma
• Kemur í veg fyrir gerlamengun
• Vörn allt niður að -30°C
• Engin eiturefni-umhverfisvænt
• Léttir dælingu
FERNOX LÆTUR VATNIÐ VINNA
Hringás
Heildsöludreifing
Skemmuvegur 10 • Sími 567-1330
www.hringas.is



# Öflug þenslutengi fyrir krefjandi aðstæður

## – með faglegri, öruggri þjónustu hjá MD Vélum



### Hágæða gúmmí- og stálþenslutengi

Þenslutengi eru mikilvægur þáttur í rekstraröryggi og endingu lagnakerfa. Þau draga úr álagi, minnka hávaða, taka við hreyfingum og koma í veg fyrir skemmdir vegna titrings, þrýstings eða hitabreytinga. MD Vélar bjóða upp á tvær öflugar lausnir í samstarfi við framleiðendur með áratuga reynslu – gúmmíþenslutengi frá Willbrandt og stálþenslutengi frá Tcomp.

### Gúmmíþenslutengi frá Willbrandt – fjölbreytt úrval og sérlausnir

Willbrandt framleiðir hágæða gúmmíþenslutengi sem henta fyrir fjölbreytta notkun. Þessi tengi draga úr leiðni, minnka álag á leiðslur og veita góða hljóðdempun. Þau má pressa, teygja og beygja og eru sérstaklega hentug þar sem leiðslur eru ekki í beinni línu.

MD Vélar er með standard gúmmítengi frá Willbrandt á lager, en einnig er hægt að sérpanta tengi eftir þörfum. Willbrandt býður upp á sérhönnuð tengi eftir tæknilegum kröfum viðskiptavina.

### Stálþenslutengi frá Tcomp – styrkur, sveigjanleiki og nákvæmni

Tcomp framleiðir sveigjanleg stálþenslutengi með flönsum eða suðufestingum. Þessi tengi eru sérhönnuð til að mæta hitabreytingum, minnka álag og auðvelda samsetningu á leiðslum sem eru ekki í beinni stefnu. Þau henta bæði fyrir hreyfingar í lengdar-, hliðar- og hornstefnu. Stáltengin frá Tcomp eru fáanleg í fjölbreyttum útfærslum – allt frá DN25 upp í DN5000 – og eru í boði bæði sem staðlaðar vörur og sérsmíðaðar lausnir eftir þörfum viðskiptavina. Þau henta fyrir vatn, loft, gufu og efnasambönd og koma með valmöguleikum á innri slífum, verndarhlífum og styrkingum.




10 ÁRA GÓÐ REYNSLA Á ÍSLANDI!

Lífrænt hreinsivirki!

NÚTÍMA ROTÞRÓ

- Fyrir sumarhús, heilsárshús, hótel o.fl.
- Yfir 90% hreinsun – hreinsigeta PIA vottuð
- 3ja þrepa hreinsun - ekkert rafmagn
- Engar siturlagnir – fyrirferðarlítil
- 10 ára reynsla á Íslandi
- Þýsk gæði – CE merkt
- Stærðir 2-600 persónueiningar
- Tankar fyrir háa vatnsstöðu

HVAMMSHÓLAR

SIGURÐUR VIGGÓ HALLDÓRSSON PÍPULAGNINGAMEISTARI +354 660 4085 SIGGI@HVAMMSHOLAR.IS







ÁHUGAVERÐ NÁMSKEIÐ

IÐAN fræðslusetur

# Gaslagnir

**Fyrir hverja:** Þetta er námskeið fyrir pípulagningamenn sem vilja leggja gaslagnir með réttum hætti.
**Markmið:** Tilgangur námskeiðsins er að fræða þátttakendur um helstu þætti sem varða lagnir fyrir gas og frágang þeirra.
**Lýsing:** Á námskeiðinu er fjallað um lagnir fyrir gas við mismunandi aðstæður og gerðum bygginga, í íbúðarhúsnæði, veitingahúsum, sumarhúsum og iðnaði.
Kynnt eru efni sem notuð eru til gaslagna meðferð þeirra og frágang ásamt tengingu röra og tækja. Farið er í gastæki vegna suðu, upphitunar og geymslu á gasi.

**Staðsetning:**
Iðan fræðslusetur, Vatnagarðar 20, 104 Reykjavík.

**Fyrirkomulag kennslu**:
Staðnám.
15. október 2025 kl: 09:00 - 17:00.

**Tengiliður:**
Edda Jóhannesdóttir - edda@idan.is.

**Kennarar:** Guðmundur Gunnarsson, Byggingaverkfræðingur og Þráinn Sigurðsson, Gassérfræðingur.

# Plastsuða

**Fyrir hverja:** Þetta námskeið er fyrir pípulagningamenn, lagnamenn og aðra sem vinna með eða hafa eftirlit með plastsuðu.
**Markmið:** Markmið námskeiðsins er að kenna þátttakendum aðferðir við plastsuðu og þætti sem varða hreinlæti við lagnir í matvælaiðnaði.
**Lýsing:** Fjallað er um plastlagnir almennt, farið er í efnisfræði plastlagnaefnis, undirbúning lagnavinnu og útfærslu hennar. Ítarlega er fjallað um samsetningaraðferðir lagna, viðgerðir og yfirborðsmeðhöndlun. Á námskeiðinu er unnið með spegilsuðu, múffusuðu og skýrslugerð varðandi plastsuðu. Ennfremur er fjallað um HACCP matvælaeftirlitkerfið og hlutverk þess. Námskeiðið er bæði bóklegt og verklegt.

**Staðsetning:** Iðan fræðslusetur, Vatnagarðar 20, 104 Reykjavík.

**Fyrirkomulag kennslu:** Staðnám.
21. október 2025 kl: 09:00 - 15:00
22. október 2025 kl: 09:00 - 16:00

**Námsmat:** Mæting og verkefnavinna.
**Tengiliður:** Edda Jóhannesdóttir - edda@idan.is.
**Kennarar:** Hilmar Brjánn, Suðusérfræðingur IWS og vélvirki og Elísabet Katrín Friðriksdóttir, Matartæknir og verkefnastjóri.





# Quick & Easy lagnakerfið frá Tengi vekur verðskuldaða athygli

**Tengi hefur kynnt til sögunnar heildstætt og vottað lagnakerfi fyrir neysluvatn og hitalagnakerfi, en kerfið nefnist Quick & Easy og er frá fyrirtækinu Uponor sem er gamalgróið evrópskt fyrirtæki og framleiðir öll sín rör í Svíþjóð. Við ræddum við Björn Ágúst Björnsson í lagnadeild Tengis sem fræddi okkur um þessa nýjung hér á landi.**

**Afkastamikið og öruggt** Helstu kostir þessa kerfis eru þeir að samsetningarmáti þess er afar einfaldur og öruggur og er það því mjög einfalt í notkun. Tengingar eru mjög öruggar og rörin sjálf, sem kallast PE-Xa. Rörin eru rafkrossbundin sem gerir þau firnasterk en um leið þjál og meðfærileg í uppsetningu. Þá eru rörin tengd við nippil með þeim hætti að vatnsrásin þrengist ekki og er allt að 38% minna þrýstifall í þessu kerfi miðað við pressutengi í öðrum kerfum.

„Ég starfaði um nokkurra ára skeið í Noregi og þar kynntist ég þessari lausn sem við hjá Tengi höfum verið að kynna að undanförnu og munum áfram gera á næstunni. Við efndum til kynningarfunda sl. haust og þar mættu á annað hundrað fagaðilar og hönnuðir og er óhætt að segja að þeim leist afar vel á. Við erum byrjuð að selja Q&E kerfið í verslunum okkar hér í Kópavogi og á Akureyri og byrjað er að koma því fyrir í nýbyggingum á mörgum stöðum á landinu. Fagmenn eru afar ánægðir og ég er þess fullviss að Q&E kerfið frá Uponor á eftir að ná góðri útbreiðslu hér á landi. Með því er ég ekki að segja að önnur kerfi séu úrelt, heldur erum við með þessu að auka breiddina á markaðnum og gefa fagmönnum kost á að kynnast því nýjasta á þessu sviði. Þó varan sé nýleg hér á Íslandi þá á Q&E að baki yfir 20 ára þróun og hefur kerfið verið í sölu á heimsvísu í mörg ár.“ segir Björn Ágúst.

**Rör í rör kerfi** Q&E kerfið er rör í rör kerfi fyrir neysluvatns- og miðstöðvarlagnir og býður upp á framúrskarandi lausnir hvað varðar uppsetningu og frágang, m.a. við töppunarstaði í votrýmum. Þau uppfylla að sjálfsögðu IST-67 staðalinn íslenska sem byggir á evrópska staðlinum DS-439. „Þetta kerfi er vottað sem ein heild og mætir ítrustu kröfum um frágang lagna í votrými, þar á meðal að öll tengistykki séu aðgengileg, að öllum rörum í rýminu sé hægt að skipta út án uppbrots og að allir töppunarstaðir í rýminu séu vatnsþéttir. Lausnirnar frá Uponor hvað þetta varðar eru framúrskarandi að mínu mati,“ segir Björn Ágúst. Hann hnykkir á mikilvægi góðs frágangs á lögnum með því að benda á að samkvæmt upplýsingum tryggingafélaganna séu 2,2 milljarðar greiddir í tjónabætur á ári, aðeins vegna vatnstjóna og að meðaltali sé tilkynnt um 18 vatnstjón á sólarhring hér á landi. „Það gefur því auga leið að það er hagur samfélagsins alls að við aukum öryggiskröfur hvað varðar frágang vatnslagna, bæði í neysluvatns- og hitalagnakerfum. Ég tel Q&E kerfið svara slíkum kröfum mjög vel,“ segir Björn Ágúst að lokum.

**Lagnadeild Tengis selur sérhæfð tæki til fagmanna fyrir Q&E kerfið. Sölumenn lagnadeildar Tengis veita allar nánari upplýsingar. tengi.is.**





VATNSVIRKINN



LÍFRÆN SKOLP HREINSISTÖÐ



- Stöðin kemur samsett og tilbúin til uppsetningar
- Hátt hreinsunarstig
- Lyktarlaus
- Einföld uppsetning
- Ekki þörf á siturlögnum
- Möguleiki á fjartengingu við upplýsingakerfi

vatnsvirkinn@vatnsvirkinn.is - Sími 510 1400 - www.vatnsvirkinn.is

# Nýjar höfuðstöðvar BYKO

## Græn hugsun, betri innivist og vellíðan í fyrirrúmi



**BYKO hefur tekið stórt skref í átt að sjálfbærari framtíð með nýjum höfuðstöðvum og endurbættri timburverslun að Skemmuvegi 2a í Kópavogi. Nýja fimm hæða skrifstofuhúsið er byggt úr timbri og verður BREEAM vottað. Ásamt vistvænum áherslum er lögð sérstök áhersla á góða innivist, bætt vinnuumhverfi og fyrsta flokks þjónustu við viðskiptavini. Allri starfsemi hefur nú verið komið fyrir í nýja húsnæðinu, þar sem höfuðstöðvar BYKO eru til húsa.**




Nýja byggingin er meðal hæstu timburhúsa landsins, byggð úr CLT timbureiningum og límtré, með steyptum kjallara og lyftukjarna. Verkfræðistofan VSB sá um hönnun burðarvirkja og tæknikerfa, og öll framkvæmd uppfyllir strangar kröfur BREEAM-umhverfisvottunar – allt frá efnanotkun og orkunýtni, til hljóðvistar og aðgengis.
„Við erum einstaklega stolt af þessari uppbyggingu sem hittir beint í framtíðarsýn og umhverfisstefnu okkar,“ segir Kjartan Long, verkefnastjóri BYKO. „Við upplifum meiri starfsánægju, betri samvinnu og enn meiri starfsorku í nýju vinnurýmunum – þetta er einfaldlega betri staður til að vinna á“.




**Svansvottuð timburverslun – ný viðmið í þjónustu til einstaklinga og verktaka.**
Ný og endurbætt timburverslun BYKO er þegar komin í fullan rekstur. Hún býður upp á nýja festingardeild, tvo glænýja sýningarsali og fjölbreytt vöruval með áherslu á sjálfbærar byggingarlausnir. Framkvæmdin verður Svansvottuð og er í takt við markmið fyrirtækisins um umhverfisábyrgð og fagmennsku .

**Framtíð byggingariðnaðarins kynnt með skýrum hætti**
Í nýju sýningarsölunum getur fagfólk og húseigendur kynnt sér helstu lausnir byggingargeirans. Þar má sjá gluggalausnir, þakeiningar, utanhússklæðningar, glerveggi og margt fleira. „Við höfum lagt okkur fram við að gera þessi rými aðgengileg, fræðandi og þau eiga að veita innblástur fyrir alla sem standa í framkvæmdum. Þau endurspegla einnig framtíðina í byggingariðnaðinum – þar sem sjálfbærni og notendavæn efni eru í fyrirrúmi“ segir Kjartan að lokum.



**ÁHUGAVERÐ NÁMSKEIÐ**

IÐAN fræðslusetur

# Raki & mygla
## í húsum annar hluti

Þetta námskeið er fyrir fólk sem þarf að fást við raka og myglu í húsum. Markmið námskeiðsins er að kynna helstu aðferðir við hreinsun á raka- og myglusvæðum. **Lýsing**: Farið er yfir aðferðir til að meta myglu, mæla raka í byggingarefnum og túlkun á niðurstöðum. Kynntar lauslega niðurstöður rannsókna efnanotkunar og annarra aðferða við hreinsun á myglu. Fjallað verður um endurupp-pbyggingu og verkferla við hreinsun á afmörkuðum rýmum og bent á atriði til umhugsunar við notkun byggingarefna.

**Staðsetn.:** Iðan fræðslusetur, Vatnagarðar 20, 104 Reykjavík.
**Námsfyriurkomulag:** Staðnám.
14. október 2025 kl: 13:00-19:00.
Námsmat: Mæting og verkefnavinna.
**Tengiliður:**
Edda Jóhannesdóttir - edda@idan.is.
**Kennarar:**
Sylgja Dögg Sigurjónsdóttir, Líffræðingar.og
Benjamín Ingi Böðvarsson, Byggingatæknifræðingur.

# Raki & mygla
## í húsum þriðji hluti

Þetta námskeið er fyrir aðila sem koma að nýbyggingum eða viðhaldi mannvirkja og hafa lokið námskeiðum Raki og mygla I og II. Markmiðið námskeiðsins að þátttakendur afli sér þekkingar til þess að fyrirbyggja eða lágmarka áhættu á rakaskemmdum við hönnun og framkvæmd bygginga. **Lýsing:** Fjallað er um rakaöryggi við hönnun bygginga og framkvæmd-ir við byggingu þeirra. Farið yfir hvað ber að varast og hvað gefist hefur vel við byggingaframkvæmd-ir. Á námskeiðinu er gert ráð fyrir virkri þátttöku þeirra sem taka þátt í umræðum varðandi lausnir. Kennslan fer mikið fram með myndum, yfirferð deilihönnunar, yfirferð rakaflæðis í byggingarhlutum, efnisval og vinnu-brögð.

**Staðsetning:** Iðan fræðslusetur, Vatnagarðar 20, 104 Reykjavík.
**Námsfyriurkomulag:** Staðnám:
23. október 2025 kl: 13:00-17:00.
**Námsmat:** Mæting og verkefnavinna.
Tengiliður:
Edda Jóhannesdóttir - edda@idan.is.
**Kennarar:**
Sylgja Dögg Sigurjónsdóttir, Líffræðingar.og
Benjamín Ingi Böðvarsson, Byggingatæknifræðingur.

**Snæbjörn R. Rafnsson:**

# Vatnsidnadur.net er 10 ára!

## Merkileg tímamót – lifandi gagnagrunnur með þekkingu og sögu lagna og orkumála

**Á síðustu 10 árum hefur orðið til sértæk vefsíða með umfangsmiklum gagnagrunni sem sameinar sögu, fagmennsku og framtíðarsýn vatnsiðnaðar á Íslandi: vatnsidnadur.net.**
**Þar er safnað saman fróðleik, heimildum og upplýsingum um allt sem tengist vatni, virkjunum, vatnsveitum, lögnum og þeim fjölbreytta heimi sem iðnaðurinn nær yfir.**
**Er óhætt að segja að um stærsta safn slíkra upplýsinga hérlendis sé að ræða.**



*Snæbjörn R Rafnsson, stofnandi og rekstraraðili vatnsidnadar.net.*

### Af hverju var vefsíðan gerð

Tilgangurinn er að skapa miðlægan vettvang þar sem hægt er að finna upplýsingar sem áður voru dreifðar á mörgum stöðum eða jafnvel erfitt að nálgast.
Með því að safna efninu í gagnagrunn á einum stað, fær almenningur, nemendur, sérfræðingar og fagfólk aðgang að: sögu og fróðleik um vatn, orkumannvirki, vatnsveitu, hitaveitu og lagnakerfi upplýsingum um samfélag íslensks vatnsiðnaðar, svo sem: löggilta aðila sem starfa í tengdum starfsgreinum, rekstraraðila virkjana og veitna, framleiðendur vatnslagnaefnis, hönnunarstofur og verktaka, söluaðila lagnaefnis, ríkis og menntastofnanir og félagasamtök.
Brunavarnir eru einnig hluti íslenskt vatnsiðnaðar og veita upplýsingar um regluverk og staðla, fróðleik og greinar sem varpa ljósi á þróun og nýjungar á því sviði.

### Markmið vefsíðunnar mætti draga saman í eftirfarandi punkta:

**Varðveisla og miðlun** – að halda utan um sögu og þróun vatnsiðnaðarins.
**Aðgengi og yfirsýn** – að gera upplýsingar aðgengilegar öllum, frá fagfólki til almennings.
**Faglegur vettvangur** – að styðja við starfsfólk og fyrirtæki með fræðslu og yfirlitum.
Ásamt því að hvetja samfélagið til faglegrar nálgunnar og menntunar.

### Af hverju skiptir þetta máli

Vatnið er okkar dýrmætasta auðlind og vatnsiðnaðurinn er ein af ósýnilegustu en líka mikilvægustu stoðum samfélagsins. Með öruggu vatni, góðum lagnakerfum og traustum iðnaðarmönnum tryggjum við lífsgæði, heilsu og öryggi.

**Með vefsíðunni hefur vatnsiðnaðurinn fengið sameiginlegan vettvang byggðan á þeim trausta grunni. Til hamingju með 10 ára afmælið!**





ACO
aquatherm
hawle
MAINCOR
TECE
wilo
VATN & VEITUR
Smiðjuvegi 68 - 72 Kópavogi
Bolafæti 1 Reykjanesbæ


BIRTA
REIKNUM MEÐ FRAMTÍÐINNI
TRYGGÐU ÞÉR 2% LAUNAHÆKKUN
MEÐ SÉREIGNARSPARNAÐI
Kynntu þér málið á birta.is
Sundagörðum 2 | 104 Reykjavík | 480 7000 | birta.is


FÁLKINN ÍSMAR
IÐNVÉLAR
DALVEGI 10-14 | 201 KÓPAVOGUR | SÍMI: 510 5100
FALKINNISMAR.IS | IDNVELAR.IS


Tengigrindur af öllum stærðum og gerðum
Við bjóðum tengigrindur sem eru sérstaklega hannaðar fyrir lokuð hitakerfi híbýla með uppblöndun á framrás lokaða kerfisins.
Tengigrindur fyrir neysluvatn, ofnhita, heita potta, snjóbræðslu, gólfhita, einbýli, fjölbýli o.fl.
Danfoss


Símenntun í iðnaði
Hugaðu að þinni símenntun og kynntu þér fjölbreytt námskeið sem í boði eru.
NÁMS- OG STARFSRÁÐGJÖF
NÁMSSAMNINGAR OG SVEINSPRÓF
TÖLVUNÁMSKEIÐ
TÖLVUSTUDD HÖNNUN
BYGGINGA- OG MANNVIRKJASVIÐ
HÁRSNYRTINÁMSKEIÐ
BÍLGREINASVIÐ
MATVÆLA- OG VEITINGASVIÐ
MÁLM- OG VÉLTÆKNISVIÐ
PRENTTÆKNISVIÐ
NÁNARI UPPLÝSINGAR Á IDAN.IS
IÐAN fræðslusetur
www.idan.is